

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs  
Frá: Ásgerður Þorleifsdóttir, deildarstjóri launadeildar, og Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs  
Dags. 17. september 2021  
Mnr. 2021030032



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - Skatttekjur og laun janúar til ágúst 2021

### Útsvarstekjur

Útsvarstekjur fyrir fyrstu 8 mánuði ársins 2021 liggja nú fyrir og eru 1.533 m.kr. samanborið við áætlun upp á 1.501 m.kr. Útsvarstekjur fyrir tímabilið eru því 32 m.kr. yfir áætlun.

Upplýsingarnar eru birtar með fyrirvara um afstemmingar við fjársýsluna en sveitarfélaginu bárust upplýsingar um það frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 26. febrúar síðastliðinn, sem kynntar voru á 1144. fundi bæjarráðs síðastliðinn, að í janúar 2021 hefðum við fengið ofgreiddar 46 m.kr. sem munu koma til aftektar á viðskiptareikningi. Einnig fengum við ofgreitt í desember 2020 2,7 m.kr. sem verður einnig aftekið. Á árinu 2020 fékk Ísafjarðarbær síðan um 90 m.kr. greiddar í 3 greiðslum vegna frestunar gjalddaga staðgreiðslu og tryggingagjalds. Þessar innborganir á árinu 2020 eru ekki tekjufærðar á árinu 2020 heldur verða tekjufærðar eftir því sem þær innheimtast á árinu 2021.

Útsvar fyrir ágúst mánuð voru kr. 197.850.347, en áætlað voru 198,9 m.kr. Frávik eru því um 5%.

Tafla 1. - útsvarstekjur 2021 per mánuð samanborið við áætlun 2021 og rauntölur 2020


	R 2021	Á 2021	[R21-Á21]	Br. 19/20 %	R 2020	[R21-R20]
Janúar	208.174.350	177.975.000	30.199.350	22%	171.190.160	36.984.190
Febrúar	194.080.811	183.375.000	10.705.811	9%	177.300.421	16.780.390
Mars	167.039.571	185.645.000	-18.605.429	-7%	180.502.863	-13.463.292
Apríl	157.129.163	144.900.000	12.229.163	12%	140.463.605	16.665.558
Maí	259.360.425	237.630.000	21.730.425	-7%	278.772.629	-19.412.204
Júní	167.678.730	180.225.000	-12.546.270	1%	166.083.899	1.594.831
Júlí	182.425.521	192.825.000	-10.399.479	-2%	186.356.001	-3.930.480
Ágúst	197.850.347	198.900.000	-1.049.653	5%	187.712.497	10.137.850

Í töflunni hér að neðan má sjá uppsafnaðar útsvarstekjur fyrir fyrstu 8 mánuði 2021. Áætlunin er sýnd til hliðsjónar, uppsöfnuð fyrir hvern mánuð.

Tafla 2. - útsvarstekjur 2021 samanlagt samanborið við áætlun 2021 og rauntölur 2020

	R 2021	Á 2021	[R21-Á21]	Br. 19/20 %	R 2020	[R21-R20]
Janúar	208.174.350	177.975.000	30.199.350	22%	171.190.160	36.984.190
Febrúar	402.255.161	361.350.000	40.905.161	15%	348.490.581	53.764.580
Mars	569.294.732	546.995.000	22.299.732	8%	528.993.444	40.301.288
Apríl	726.423.895	691.895.000	34.528.895	9%	669.457.049	56.966.846
Maí	985.784.320	929.525.000	56.259.320	4%	948.229.678	37.554.642
Júní	1.153.463.050	1.109.750.000	43.713.050	4%	1.114.313.577	39.149.473
Júlí	1.335.888.571	1.302.575.000	33.313.571	3%	1.300.669.578	35.218.993
Ágúst	1.533.738.918	1.501.475.000	32.263.918	3%	1.488.382.075	45.356.843

**Mynd 1. – Útsvarstekjur per mánuð 2021 samanborið við áætlun 2021 og rauntölur 2020**



**Mynd 2. - Þróun útsvarstekna 2021 samanborið við áætlun 2021 og rauntölur 2020**



## Jöfnunarsjóður

Í töflu 3 hér að neðan má sjá yfirlit yfir tekjur úr jöfnunarsjóði fyrir fyrstu 8 mánuði ársins 2021. Greiðslur á tímabilnu eru samtals 579 m.kr. samanborið við áætlun upp á 564 m.kr. fyrir sama tímabil. Tekjur jöfnunarsjóðs eru því um 15 m.kr. meiri en áætlun gerði ráð fyrir.

Tafla 3. - Jöfnunarsjóður – rauntölur árið 2021 samanborið við áætlun 2021 og rauntölur 2020.

	R 2021	Á2021	[R-Á]	R 2020	R21-R20
Janúar	47.405.851	45.528.289	1.877.562	34.031.846	13.374.005
Febrúar	75.962.137	74.084.575	1.877.562	82.927.029	-6.964.892
Mars	83.439.072	74.084.575	9.354.497	83.403.578	35.494
Apríl	75.962.137	74.084.575	1.877.562	109.663.329	-33.701.192
Maí	74.084.575	74.084.575	0	45.124.855	28.959.720
Júní	74.084.575	74.084.575	0	94.203.547	-20.118.972
Júlí	74.084.575	74.084.575	0	36.135.678	37.948.897

## Sundurliðun framlaga úr jöfnunarsjóði

Í töflu 4 má sjá greiðslur frá jöfnunarsjóði niður á framlög fyrir janúar til ágúst 2021.

Tafla 4. – Greiðslur niður á framlög árið 2021 samanborið við áætlun 2021.

	Raun	Áætlun	Mismunur raun-áætl.	Samþykkt áætlun 2021	Endurs.áætl. JS mars 21	Mismunur raun / j.sj.
<b>112 Fasteigna</b>	199.894.001	171.337.716	<b>28.556.285</b>	237.969.048	237.969.048	0
<b>121 Útgjalda</b>	246.749.170	208.536.104	<b>38.213.066</b>	397.211.630	431.614.557	34.402.927
<b>141 Grunnskóli</b>	105.592.713	93.351.195	<b>12.241.518</b>	177.811.805	169.869.859	-7.941.946
<b>142 Sérþ nem</b>	15.012.256	13.135.724	<b>1.876.532</b>	22.518.380	22.518.380	0
<b>144 Nýbúa</b>	4.200.000	3.675.000	<b>525.000</b>	6.300.000	6.300.000	0
<b>148 Aukaframlög</b>	7.659.357	0	<b>7.659.357</b>	0	22.530.742	22.530.742
<b>Samtals</b>	<b>579.107.497</b>	<b>490.035.739</b>	<b>89.071.758</b>	<b>841.810.863</b>	<b>890.802.586</b>	<b>48.991.723</b>

## Launakostnaður ágúst 2021

Launakostaður fyrir fyrstu 8 mánuði ársins 2021 nemur 1.992 m.kr. samanborið við áætlun upp á 12.003 m.kr. Launakostnaður er því 11 m.kr. yfir áætlun eða 0,6%.

Í þessum samanburði sem gerður er fyrir ágúst er búið að taka tillit til viðauka sem gerðir voru annars vegar undir Fræðslumál og hins vegar undir Brunamál og almannavarnir.

Viðaukarnir sem gerðir voru voru eftirfarandi;

Sólborg, samtals. Viðauki gerður til að leiðrétta villu í launaáætlun.

Tjarnabær, samtals. Viðauki gerður til að leiðrétta villu í launaáætlun.

Öryggisþjónusta, samtals. Viðauki gerður til að bæta launakostnaði í febrúar og mars en samningur um öryggisþjónustu var framlegndur um tvo mánuði í upphafi árs, en var ekki gert ráð fyrir í samþykktri launaáætlun.

Athugast þó að bæjarstjórn hefur ekki samþykkt umrædda viðauka, en bæjarráð vísaði þeim til bæjarstjórnarfundar sem haldinn verður 23. september 2021.

Tafla 5 - Raun laun janúar-ágúst 2021 samanborið við áætlun janúar – ágúst 2021

Mfl.	Heiti	Janúar til ágúst 2021			% af Áæ
		Raun	Áætlun	R21-Á21	
2	Velferðarsvið	390.969.292	401.736.767	-10.767.475	-2,7%
4	Fræðslumál	939.962.329	890.601.147	49.361.182	5,5%
5	Menningamál	45.080.545	52.195.372	-7.114.827	-13,6%
6	Æskulýðs- og íþróttamál	139.152.365	168.987.406	-29.835.041	-17,7%
7	Brunamál og almannavarnir	73.805.766	73.544.333	261.433	0,4%
9	Skipulags- og byggingamál	36.614.768	33.886.528	2.728.240	8,1%
11	Umhverfismál	2.710.478	4.317.372	-1.606.894	-37,2%
13	Atvinnumál	19.298.873	19.945.195	-646.322	-3,2%
21	Sameiginlegur kostnaður	150.020.176	151.022.829	-1.002.653	-0,7%
27	Óvenjulegir liðir	0	6.329.200	-6.329.200	-100,0%
31	Eignasjóður	10.369.320	10.779.292	-409.972	-3,8%
33	Þjónustumiðstöð	72.677.038	73.858.184	-1.181.146	-1,6%
41	Hafnarsjóður	81.622.842	87.570.978	-5.948.136	-6,8%
53	Þjónustuíbúðir	879.346	0	879.346	#DIV/0!
57	Fastís	9.377.134	10.488.309	-1.111.175	-10,6%
67	Byggðasafn Vestfjarða	19.533.869	18.104.516	1.429.353	7,9%
<b>Samtals</b>		<b>1.992.074.141</b>	<b>2.003.367.428</b>	<b>-11.293.287</b>	<b>-0,6%</b>

**Þegar niðurstöður innan hvernar deildar er skoðaðar í töflu 5 fyrir samanlögð laun í janúar til ágúst sést að fimm deildir eru undir áætlun með 2 milljónir eða meira (grænir reitir) og tvær deildir yfir áætlun 2 milljónir eða meira (bleikir reitir).**

Þær eru:

- **02 Velferðarsvið – 10,7 m.kr undir áætlun sem er 2,7% frávik**
  - **Skammtíamavistun** – 5,4 m.kr undir áætlun sem er 40% frávik.
  - **Hvesta** – 1,9 m.kr undir áætlun sem er 6% frávik.
  - **Búseta Pollgötu** – 4,4 m.kr undir áætlun sem er 6% frávik.
  - **Málefni fatlaðra sameiginlegt** – 1,3 m.kr undir áætlun sem er 9% frávik.
  - **Velferðarsvið** – 1 m.kr yfir áætlun sem er 3% frávik.
  - **Búseta Sindragötu** - 1,9 m.kr yfir áætlun sem er 2% frávik.
- **04 Fræðslumál – 49,3 m.kr. yfir áætlun sem er 5,5% frávik.**
  - **Sólborg** – 15.kr yfir áætlun sem er 8% frávik. Orlofsuppgjör nokkurra fastráðinna starfsmanna skýrir stóran hluta. Þá eru fatapeningar, dagvinna og álag umfram áætlun. Tvö stöðugildi yfir sumartímann verða greidd af Vinnumálastofnun vegna sumarátak námsmanna, samtals um 1,5 m.kr.
  - **Laufás** – 9 m.kr yfir áætlun sem er 46% frávik. Umfram stöðugildi alla mánuði ársins. Þá er allur kostnaður vegna ræstingar umfram áætlun þar sem ekki var gert ráð fyrir þeim kostnaði í launaáætlun vegna 2021.
  - **Grunnskólinn á Þingeyri** – 3,8 m.kr yfir áætlun sem er 8% frávik. Stundakennsla, föst stundakennsla, forfallakennsla, yfirvinna, föst yfirvinna og dagvinna eru allt einingar umfram áætlun. Stöðugildi eru á pari við áætlun.
  - **Dægradvöl** – 4,7 m.kr yfir áætlun sem er 27% frávik. Dagvinna og föst yfirvinna umfram áætlun. Auk þess er starf forstöðumanns allt skráð á dægradvöl en hluti ætti að vera skráð á félagsmiðstöð.
  - **Grunnskólinn á Ísafirði** – 10,7 m.kr yfir áætlun sem er 3% frávik. Stöðugildi eru umfram áætlun.
  - **Tónlistarskóli Ísafjarðar** – 3,5 m.kr yfir áætlun sem er 4% frávik. Hljóðfæragejald, akstur og yfirvinna umfram áætlun.
  - **Grunnskóli Önuðarfjarðar** – 1,3 m.kr yfir áætlun sem er 4% frávik. Dagvinna, yfirvinna vegna félagsstarfa og uppgjör kennara eru umfram áætlun.
- **05 Menningarmál – 7 m.kr undir áætlun sem er 13,6% frávik.**
  - **Safnahúsið** - 5,6 m.kr undir áætlun sem er 11% frávik. Gert er ráð fyrir 8,6 stöðugildum fyrstu 8 mánuði ársins en eru einungis 6,9 í raun.
  - **Neðstikaupstaður** – 1,5 m.kr undir áætlun sem er 80% frávik. Gert ráð fyrir mun fleiri tímum í þrif en þarf í raun yfir sumartímann.
- **06 Æskulýðs og íþróttamál – 29,8 m.kr undir áætlun sem er 17,7% frávik.**
  - **Félagsmiðstöðvar** - 1,6 m.kr undir áætlun.
  - **Vinnuskóli** – 11,6 m.kr undir áætlun sem er 47% frávik.
  - **Íþróttahúsið Torfnesi** - 5 m.kr undir áætlun sem er 25% frávik. – engar sumarráðningar. Stöðugildi og yfirvinna eru undir áætlun.
  - **Skíðasvæði** – 10,2 m.kr undir áætlun sem er 34% frávik.

- **Sundlaug við Austurveg** – 3,5 m.kr yfir áætlun sem eru 11% frávik. Álag, yfirvinna og vaktahvati umfram áætlun.
- **Íþróttamiðstöð Flateyri** - 1 m.kr undir áætlun.
- **Íþróttamiðstöð Suðureyri** 4,3 m.kr undir áætlun sem er 26% frávik.
- **Íþróttamiðstöð Suðureyri** – 1,2 m.kr. undir áætlun sem er 70% frávik.
- **09 Skipulags og byggingamál** - 2,7 m.kr yfir áætlun sem er 8% frávik.
  - **Tæknideild** - 1,6 m.kr yfir áætlun sem er 6% frávik. Stöðugildi yfir sumartímann sem ekki er gert ráð fyrir í áætlun en verður greitt af Vinnumálastofnun vegna sumarátaks námsmanna. Áætlaðar tekjur eru um 1,1 m.kr.
  - **Byggingafulltrúi** – 1,2 m.kr yfir áætlun sem er 15% frávik. Bifreiðastyrkur starfsmanns sem ekki er gert ráð fyrir í áætlun skýrir þennan mun.
- **27 Óvenjulegir liðir** er varasjóður og stendur potturinn í 6,3 m.kr. í lok ágúst. Heildar áætlun fyrir allt árið 2021 var 9.493.800 kr. og hefur verið nýttur til að mæta viðaukum.
- **41 Hafnarsjóður** er 5,9 m.kr undir áætlun sem er 6,8% frávik. Föst yfirvinna og yfirvinna eru töluvert undir áætlun.